



Akureyri, 28. október 2020

**Pétur Ingi Haraldsson**  
Sviðsstjóri skipulagssviðs

## **Drottningarbrautarreitur - Hafnarstræti 73 og 75**

### **Ósk um heimild til að breyta deiliskipulagi**

Fyrir hönd Hótel Akureyrar ehf. óskar undirritaður eftir heimild til að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits vegna Hafnarstrætis 73 og 75.

Óskin er til komin vegna áforma Hótel Akureyrar að byggja nýja byggingu á lóð nr. 75 og tengja hana við núverandi hús á lóð nr. 73 með tengibyggingu. Í húsunum er gert ráð fyrir miðbæjarstarfsemi á jarðhæð en hótélherbergjum á efri hæðum.

Breytingin felst í því að sameina lóðirnar við Hafnarstrætis 73 og 75 í eina lóð á sama hátt og þegar hefur verið gert fyrir lóðir við Hafnarstrætis 67-69 fyrir Hótel Akureyri.


Skv. gildandi deiliskipulagi er heimilt að fjarlægja núverandi byggingu á lóð nr. 75 og byggja þess í stað bygginga sem getur verið 3,5 hæðir með veggshæð að hámarki 8,7 m, mænishæð að hámarki 12,5 m og þakhalla 38-40°. Þá er gert ráð fyrir byggingu á einni hæð á baklóð sem sambyggð yrði aðalbyggingu.

Á lóð nr. 73 er heimilt skv. deiliskipulagi (breyting frá árinu 2018) að hækka núverandi hús og hafa það 3,5 hæðir með veggshæð að hámarki 11,0 m, mænishæð að hámarki 13,2 m og þakhalla 23-25°.

Þar sem óskað er eftir að byggingar á lóðum verði tengdar með tengibyggingu er óskað eftir að sömu skilmálar gildi fyrir nýbyggingu á lóð nr. 75 og eru í gildi fyrir byggingu á lóð nr. 73. Því er gert ráð fyrir að hámarks veggshæð hækki um 2,3 m, hámarks mænishæð hækki um 0,7 m auk þess sem þakhalli breytist úr 38-40° í 23-25°.

Þá er óskað eftir að byggingarreitur innan lóðar nr. 75 stækki og nái að byggingarreit á lóð nr. 73 en byggingarreitur á baklóð fyrir byggingu á einni hæð myndi falla út.

Hér að neðan er úrklippa úr gildandi deiliskipulagi (með síðari breytingum) þar sem m.a. má sjá nýtingarlykil fyrir lóðir 73 og 75.



### Ákvæði fyrir lóð og/eða byggingarreit

H	Hæðafjöldi
VH	Vegghæð langhliða
MH	Mænishæð
Þ	Þakhalli

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsbreytingar fyrir hönd Hótel Akureyrar ehf. Óskað er eftir að þetta erindi þetta verði tekið fyrir á næsta fundi skipulagsráðs

F.h. Landslags ehf.

**Ómar Ívarsson**

Skipulagsfræðingur SFFÍ

**Landslag ehf**

Kaupangi v/Mýrarveg - 600 Akureyri